

## Stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2003

Landsfundur Samfylkingarinnar, haldinn í Hafnarfirði 31. október til 2. nóvember 2003, lýsir þeirri sannfæringu að framundan sé framfara- og hagsældarskeið á Íslandi, takist að stilla saman krafta og halda skynsamlega á stjórn efnahagsmála og samskiptum við aðrar þjóðir. Ábyrg samþætting efnahags-, atvinnu- og félagsmálafundunar í opnu hagkerfi með þróttmiklu menningarlífi er það kennimerki sem Samfylkingin vill að einkenni þjóðlífið. Hugsjónir jafnaðarfundunar eiga sterkan hljómgrunn í ríkri samkennd og samhjálpi Íslendinga þegar á reynir og eru sá grunnur sem frelsi einstaklingsins byggir á. Samfylkingin kallar á hvern einasta ríkisborgara til betri og meiri menntunar, til meiri og almennari þátttöku í stjórn máli, til skapandi starfa og heillandi verkefna á mótunarárum nýrrar aldar.

### Efnahagsmál

Samfylkingin er ábyrgt landstjórnarafl og á aðild að sveitarstjórnunum um land allt sem vill vinna að því að sett verði þau markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft, það tryggji sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu og verðmæt störf og afkomuöryggi og félagslegan jöfnuð. Auknar líkur eru á að héraðs verði meiri vöxtur samfara minni þenslu en menn héldu áður. Þá skiptir öllu máli bæði að sýna ábyrgð og aga í efnahagsstjórnun og nýta aukinn hagvöxt til þess að treysta velferðarkerfið.

Samfylkingin vill taka þátt í þjóðaráttaki þar sem ólík öfl á vinnumarkaði og stjórn málasviðinu stilla saman strengi við mótun nýrrar framtíðarsýnar, þar sem stefnan í efnahagsmálum þjóðarinnar verði samþætt markmiðum í atvinnu- og félagsmálum. Samfylkingin mun beita sér fyrir víðtæku samstarfi um að við missum ekki hagkerfið í gamla farið með verðbóluskotum og gengishrapi eða gengis- og vaxtakryppum vegna agaleysis í stjórnarráði og stjórnarflokkum. Að því gefnu að sú efnahagsfundun og það þjóðaráttak sem flokkurinn er málsvari fyrir gangi eftir, skapast á næstu árum svigrúm til þess að ná fram fjórum meginmarkmiðum.

- Í fyrsta lagi eflingu velferðarkerfisins í anda jafnaðarfundunnar, þar sem launafólki og almenningi verði búið traust öryggisnet.
- Í öðru lagi stóreflingu á fjárfestingu í menntun og fullorðinsfræðslu á öllum stigum sem ræður úrslitum um velferð til framtíðar.
- Í þriðja lagi leiðrétting á hlut sveitarfélaganna og undirbúningi að frekari tilfærslu á verkefnum til þeirra.
- Í fjórða lagi hóflegum skattalækkunum með því m.a. að virðisaukaskattur á matvælum verði lækkaður um helming.

### Heilbrigðismál

Landsfundur vill tryggja að sjúkráþjónusta verði aðgengileg öllum og að hjúkrunarrýmum fyrir aldraða og langveika verði fjölgað, ásamt því að skapa þeim sem þurfa að vera frá vinnu vegna langvinnra

veikinda barna sinna viðunandi aðstæður. Lækka þarf lyfjakostnað og stilla hlut sjúklinga í greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu í hóf. Setja á reglur um hámarksbiðtíma sjúklinga, koma á afkomutryggingu, bæta þjónustu og meðferð við geðsjúka einstaklinga og vímuefnaneytendur.

Sé tekið tillit til aldursdreifingar þjóðanna ver Ísland, mest allra OECD þjóða, af opinberu fé til heilbrigðismála. Í þessu ljósi virðist það ekki vera aukið fé sem vantar. En þrátt fyrir mikið fé í heilbrigðiskerfinu eru alvarlegar brotalamir. Málefni geðsjúkra eru í uppnámi ár eftir ár vegna fjárskorts, allt að 10 mánaða biðtími er eftir heyrnartækjum í kerfinu og enn lengri biðtími eftir hjúkrunarrými. Það blasir því við að núgildandi kerfi gengur ekki upp.

Samfylkingin vill beita sér fyrir framtíðarlausn í heilbrigðismálum þjóðarinnar þar sem nýjar leiðir og fjölbreyttari rekstrarform, svo sem þjónustusamningar og einkaframkvæmd eru skoðuð, án þess að missa sjónar af þeirri stefnumörkun flokksins að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Samfylkingin hafnar einkavæðingu í velferðarkerfinu. Ríkið á að vera kaupandi heilbrigðisþjónustunnar en þarf ekki í öllum tilvikum að vera seljandi hennar. Til að hægt sé að reyna nýjar leiðir í rekstri heilbrigðiskerfisins þurfa þó eftirtaldar forsendur að vera til staðar. Allir hafi jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustunni óháð efnahag, þjónustan við sjúklinga verði betri og kostnaður sjúklinga og samfélagsins aukist ekki.

Landsfundurinn ályktar að næsta pólitíska stórverkefni Samfylkingarinnar verði stefnumótun á sviði heilbrigðismála. Þar verði tekin svipuð pólitísk forysta og Samfylkingin gerði í Evrópumálunum. Skilgreina ber þau vandamál sem eru uppi í heilbrigðiskerfinu og kalla til sérfræðinga og starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar. Greiningar og valkostir eru síðan lagðir fram í sérstakri bók þar sem allir hafa jafnan aðgang að hugmyndum og leiðum Samfylkingarinnar. Ferlinu er síðan lokið með opnum umræðufundum fyrir flokksmenn.

## **Velferðarmál**

Góð velferðarþjónusta fyrir alla er grunnurinn að réttlátu samfélagi. Með góðri velferðarþjónustu, almannatryggingum og réttlátu skattkerfi vill Samfylkingin skapa fjölskyldum og einstaklingum öryggi, og tryggja að allir hafi tækifæri til mannsæmandi lífs og fullrar þátttöku í samfélaginu.

Landsfundur Samfylkingarinnar vill framfylgja því réttlæti sem treystir sérstaklega kjör fólks með lágar og meðaltekjur. Uppræta þarf fátæktargildur og treysta stöðu barnafjölskyldna, m.a. með hækkun barnabóta og draga úr tekjutengingum þeirra. Samfélagssýn jafnaðarstefnunnar setur þá sem eiga undir högg að sækja í forgang.

Landsfundur telur að í samvinnu ríkisvalds við sveitarfélög og ýmis samtök eigi að ráðast í átak til uppbyggingar leiguíbúða á viðráðanlegum kjörum og fjölga valkostum fyrir fólk með lágar og meðaltekjur. Samfylkingin krefst þess að þegar í stað verði fallið frá áformum um að skerða bætur atvinnulausra, en þess í stað verði kjör þeirra bætt verulega. Samfylkingin vill vinna bug á því ranglæti sem á sér stað við skattlagningu lífeyrissparnaðs. Landsfundurinn lýsir stuðningi við réttindabaráttu eldri borgara og samtök öryrkja í þessum málum.

Landsfundur Samfylkingarinnar telur að deilan um starfskjör og aðbúnað við Kárahnjúka sé barátta fyrir grundvallarréttindum. Tapist sú barátta mun það leiða til gagngerra breytinga á vinnumarkaði þar sem farið verður áratugi aftur í tímann.

Landsfundur fagnar framtaki verkalýðshreyfingarinnar í þessu máli og þeirri forystu sem Samfylkingin hefur tekið bæði hérlendis og erlendis. Hér um að ræða alþjóðlegt vandamál sem verður að takast á við með alþjóðlegri samvinnu. Landsfundarfulltrúar vilja hvorki kaupa stórvirkjanir né tímabundna hagsæld því verði sem felst í að sjá á bak grundvallarmannréttindum.

## Mennta- og menningarmál

Ríkisvaldið hefur ábyrgðarmiklu hlutverki að gegna við að styrkja og hlúa að menningar- og listastarfsemi, skapa tækifæri fyrir listafólk og ýta undir sem mestan fjölbreytileika. Landsfundur leggur áherslu á að menning og listir verði gerð sem aðgengilegust fyrir alla landsmenn. Viðurkennt verði að listir og menning sé mikilvæg og vaxandi atvinnugrein sem ríkisvaldinu beri að styrkja.

Landsfundur Samfylkingarinnar boðar kröftuga menntastefnu sem miðast við að tryggja jöfnuð og undirstöður atvinnulífsins. Samfylkingin vill stórefla fjárfestingu í menntun þar til hún verður sambærilegt hlutfall af landsframléiðslu og nágrannalöndin hafa.

Samfylkingin vill fjölga þeim sem útskrifast með framhaldsskóla-, háskóla- og iðnmenntun í hverjum árgangi þannig að menntunarstig Íslendinga verði svipað og er á öðrum Norðurlöndum. Besta byggðastefnan er að efla skólastarf á landsbyggðinni. Í öllum stærri byggðakjörnum á landsbyggðinni skulu að minnsta kosti vera tveggja ára framhaldsskólabrautir.

Samfylkingin vill fella niður gjaldtöku á barnafjölskyldum vegna leikskóla í áföngum. Fyrsta skrefið í þá átt á að vera að fella niður gjaldtöku vegna leikskólavistar fimm ára barna. Samfylkingin vill að námslánakerfið verði tekið til rækilegrar endurskoðunar, þannig að tryggt verði að námslánin þjóni þeim tilgangi sínum að tryggja jafnrétti til náms og hóflega greiðslubyrði. Samfylkingin hafnar skólagjöldum í öllu námi í grunn- og framhaldsskólum og í háskólum hins opinbera.

Samfylkingin styður lækkun útskriftaraldurs úr framhaldsskólum en leggur áherslu á að það verði gert með því að endurskoða nám á framhalds- og grunnskólaskólastigi í heild.

## Alþjóðamál

Jafnaðarmenn á Íslandi og um allan heim taka skýra afstöðu í alþjóðamálum. Opnu og alþjóðlegu hagkerfi verða að fylgja sanngjarnar alþjóðlegar viðskiptareglur með afnámi búverndarstefnu og tæknilegra viðskiptahindrana gagnvart fátækum ríkjum. Efna þarf þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna í þróunarmálum fyrir 2015 með auknum framlögum og markvissri þróunarsamvinnu.

Landsfundur Samfylkingarinnar fordæmir einhliða stuðning íslensku ríkisstjórnarinnar við innrásina í Írak án þess að ræða það við þing eða þjóð. Þurfi að beita hervaldi verður alþjóðasamfélagið og viðurkenndar stofnanir að koma að slíku. Landsfundarfulltrúar hugsa til írösku þjóðarinnar í hörmungum hennar og til aðstandenda fallinna hermanna. Landsfundur vonar að hægt sé að skapa samstöðu á alþjóðavettvangi undir forystu Sameinuðu þjóðanna um að Írakar sjálfir taki sem fyrst við völdum í landi sínu í sæmilegri sátt við grannþjóðir.

Landsfundur fordæmir byggingu aðskilnaðarmúrs Ísraelsmanna í Palestínu og harmar að friðarferlið sé nú í uppnámi. Íslendingar eiga að láta rödd sína hljóma gegn því ofríki sem Palestínumenn eru nú beittir og stuðla að friði í Palestínu og Ísrael.

Landsfundur telur að kippa þurfi fótunum undan hryðjuverkastarfsemi hvar sem hún þrífst í heiminum og treysta þannig stoðir lýð- og mannréttinda.

## Evrópumál

Samfylkingin ákvað á stofnfundi sínum vorið 2000 að gera heildstæða úttekt um tengsl Íslands og Evrópusambandsins. Á grunni víðtækra upplýsinga tók síðan almennur flokksfélagi í Samfylkingunni ákvörðun í sögulegri kosningu haustið 2002 um að setja aðildarumsókn að Evrópusambandinu á stefnuskrá flokksins á grundvelli skilgreindra samningsmarkmiða. Í ljósi áhrifaleysis og einstakra milliríkjamála verður æ ljósara að erfitt verður að byggja á EES-samningnum til frambúðar.

Samfylkingin mun því stofna sérstakan 9 manna málefnaþóp um Evrópumál sem m.a. skoði ávinning Íslands af aðild að Evrópusambandinu, skilgreini hver helstu samningsmarkmið eigi að vera við aðildarumsókn, meti stöðu EFTA og EES- samningsins og greini áhrif evrunnar á íslenskt efnahagslíf.

### **Jafnréttismál**

Baráttan fyrir jafnrétti og kvenfrelsi er órjúfanlegur hluti jafnaðarstefnunnar. Samfylkingin telur forgangsmál að vinna gegn kynjamismunun og hvers konar lítilsvirðingu gegn konum. Krafa um jafnrétti er krafa um samfélag fyrir alla, þar sem allir njóta jafnra tækifæra, óháð kyni, efnahag, uppruna, kynhneigð eða stöðu að öðru leyti. Ráðast þarf til atlögu við launamun kynja með samstilltu átaki ríkisvalds og vinnumarkaðar og tímasetja aðgerðaráætlanir. Setja á jafnrétti í forgang í stjórnkerfinu og flétta sjónarmið þess inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar. Samfylkingin telur að forsætisráðherra eigi að bera sérstaka ábyrgð á jafnréttismálum.

Landsfundur vill viðhalda þeim sögulega árangri sem flokkurinn hefur náð með jöfnum hlut kvenna og karla í þingflokki og mun vinna að sömu markmiðum hvarvetna innan flokksins. Stjórnvöldum skal vera skylt að koma á fót sérstakri aðgerðaáætlun sem miðar að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum sem hið opinbera ráðstafar. Í sama skyni verði staðið að sérstakri vakningu sem beint verði að viðskiptalífínu og konur virkjaðar til frekari þátttöku í þekkingarsamfélaginu.

Sala á vændi á ekki að vera refsiverð enda eru viðkomandi fórnarlömb aðstæðna og vandann á að leysa með félagslegum úrræðum. Kaup á vændi ber að gera refsivert. Íslendingar þurfa að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í baráttunni gegn mansali. Samfylkingin stendur með fjölskyldunum í landinu gegn klámvæðingu og kynlífsiðnaði hvers konar.

Viðurkenna þarf Ísland sem fjölmenningslegt samfélag og gera lög um útlendinga gagnsæ og skýra réttarstöðu útlendinga.

### **Atvinnu- og byggðamál**

Landsfundur lýsir stuðningi við einkaframtak og markaðshagkerfi í atvinnulífínu sem hefur heilbrigða samkeppni og sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Góð velferðarþjónusta getur aldrei orðið að veruleika nema hún styðjist við traust og öflugt atvinnulíf. Hlutverk jafnaðarflokks felst því einnig í að móta aðstæður sem hvort tveggja í senn örva viðgang atvinnulífsins og hvetja til frumkvöðlastarfs og stofnunar nýrra fyrirtækja samhliða því að markvisst sé unnið að því að auka starfs- og aðlögunarhæfni launafólks og treysta réttindi þess á vinnumarkaði. Þannig verður hægt að standa undir nýjum, vellaunuðum störfum. Þess vegna er það eitt af verkefnum flokksins að treysta samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í landinu með markvissri atvinnustefnu.

Samfylkingin stefni að því að endurheimta sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum, með markvissri innköllun og endurúthlutun veiðiheimilda þar sem opnaður er aðgangur að veiðiréttinum með jafnræði og réttlæti að leiðarljósi. Þessi leið færir komandi kynslóðum aftur réttinn til arðs og aðgangs að sameiginlegri auðlind, tryggir nýliðun í útgerð og færir íbúum sjávarbyggðanna á ný réttinn til að nýta þá auðlind sem skóp þær.

Markmið Samfylkingarinnar er að fjölbreyttur og hagkvæmur landbúnaður byggi á nýsköpun í framleiðslu og markaðssókn, meðal annars með skýrri stefnu um vistvænar og lífrænar afturðir. Landsfundur telur mikilvægt að hafin verði skipulögð vinna að því að endurskoða landbúnaðarstefnuna í heild í nánú samstarfi við bændur og aðila vinnumarkaðarins.

Samfylkingin vinni að mótun nýrrar heildstæðrar stefnu í byggðamálum, þar sem áhersla verði lögð á að treysta og jafna búsetuskilyrðin í landi og byggi á nauðsynlegu og eðlilegu sambýli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Landsfundur Samfylkingarinnar telur brýnt að leiðrétta hlut sveitarfélaganna og tryggja að tekjustofnar þeirra séu í samræmi við verkefni þeirra og lögbundnar skyldur. Samfylkingin mun jafnframt beita sér fyrir því að víðtæk umræða fari fram um almenna stöðu og framtíðarhlutverk sveitarfélaganna í hinni almennu stjórnsýslu. Mörkuð verði skýr framtíðarsýn um aukið lýðræði aukið hlutverk sveitarfélaganna í fjölbreytilegri nærpjónustu með áherslu á lýðræði og möguleika íbúanna til þátttöku og áhrifa.

### **Öryggismál borgaranna.**

Öryggi borgaranna er ein af þeim meginskyldum sem samfélagið sinnir. Landsfundur vill efla grenndarlöggæslu, sem verði færð á hendur sveitarfélaganna. Samfylkingin hvetur til þess að mótaðar verðir reglur um lágmarkspjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúana og öryggi þeirra.

Fíkniefni eru einn af helstu vágestum okkar tíma. Samfylkingin telur ekki rétt að meðhöndla þá sem glæpamenn sem ánetjast fíkniefnum ungir heldur frekar sem sjúklinga þegar ekki er um önnur brot að ræða. Refsi- og meðferðarúrræði eiga öll að miða að því að gera fanga að betri einstaklingum. Landsfundurinn vill að minniháttar fíkniefnabrot verði ekki færð á sakaskrá eða tekin út eftir skamman tíma. Samfylkingin krefst þess að um ólögleg vímuefni sé rætt af skynsemi og hafnar hræðsluáróðri á þessu sviði sem öðrum.

### **Umhverfismál**

Landsfundur Samfylkingarinnar álitur að náttúra Íslands sé fjársjóður sem ber að vernda og nýta skynsamlega, til heilla fyrir komandi kynslóðir.

Nauðsynlegar umbætur á sjávarútvegsstefnunni verða að hafa að leiðarljósi vistvænar veiðar og búnað, sjálfbæra nýtingu stofna og virðingu fyrir lífríkinu í hafinu.

Skrá þarf sömuleiðis náttúru landsins og kortleggja á samræmdan hátt og leggja þannig grunn fyrir skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis og jarðminja.

Beita þarf hagrænum stjórnækjum í ríkari mæli til að vernda umhverfi og grípa til ráðstafana til að draga úr losun skaðlegra lofttegunda. Samfylkingin telur starf sveitarfélaga að Staðardagskrá 21 skipta miklu fyrir framþróun umhverfismála á Íslandi. Ríkisvaldinu ber að veita ráðgjöf og verja fjármununum til þess að gera þeim kleift að takast á við verkefni á þessu sviði. Árangur í umhverfismálum verður best tryggður með því að færa þau nær fólkinu í landinu.

### **Lýðræðismál**

Lýðræðispróuinin hér á landi hefur í skjóli hins sterka meirihlutavalds verið ólík því sem gerist í mörgum nágrannaríkjanna þar sem samráðshefð er ríkari. Alræði meirihlutans þarf að afnema og hefja lýðræðislegar aðferðir til vegs og virðingar við stjórnun landsins.

Landsfundur ályktar að sett verði lög um fjárreiður stjórnmalaflokka.

Endurskoða þarf lög um ráðherraábyrgð, þannig að ábyrgð ráðherra verði sambærileg við það sem þekkist hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við.

Landsfundurinn ályktar að koma eigi á fót rannsóknarnefndum Alþingis, sem hefur víðtækt umboð og rannsóknarvald, til að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdavaldinu. Ráðherrar eiga að segja af sér þingmennsku á meðan þeir þjóna sem framkvæmdavaldshafar og gera landið að einu

kjördæmi. Sömuleiðis ber að heimila að tiltekinn fjöldi kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og tryggja aðkomu Alþingis að skipan Hæstaréttardómara.

Styrkja þarf grundvöll og sjálfstæði Ríkisútvarpsins og skapa raunverulega sérstöðu vegna þess lögbundna hlutverks stofnunarinnar að þjóna þjóðinni allri, óháð viðskiptalegum og pólitískum hagsmunum. Vernda ber með lögum heimildamenn fjölmiðla er upplýsa um mál er varða almannahagsmuni og eiga brýnt erindi til almennings.

**Samfylkingin vill verða öflugur flokkur íslenskra jafnaðarmanna, flokkur sem hefur úrslitaáhrif í landsmálum og setur mark sitt á þjóðfélagsþróun á Íslandi í samvinnu við hreyfingu launafólks, almennasamtök og alla framfarasinnaða Íslendinga.**

*Landsfundur Samfylkingarinnar 2. nóvember 2003*

*Ásvöllum Hafnarfirði*